

Opinn samráðsfundur um stöðu samgöngumála á Vesturlandi

Samgöngur á Snæfellsnesi

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri í Stykkishólmi
Haldinn á Teams 3. mars 2021



Samgöngur á Snæfellsnesi

- Vegamál
- Ferjuleið
- Hafnir
- Almenningsamgöngur
- Flugvellir




Samgöngubætur og byggðamál - margt hefur áunnist á s.l. 20 árum í vegamállum

- Um og eftir árið 2000 urðu miklar samgöngubætur á Snæfellsnesi sem tengdu bæina á Nesinu mun betur saman
 - Jákvæð áhrif á samstarf sveitarfélaga og byggðarþróun
 - Hér má nefna vegina um
 - Búlandshöfði 1999
 - Vatnaleið 2001
 - Kolgrafarfjörður 2005
- Þessar framkvæmdir sýna okkur hversu mikla þýðingu samgöngubætur hafa fyrir svæði eins og Snæfellsnes.


Samgönguáætlun Vesturlands 2017-2021 - vegamál

- Í samgönguáætlun Vesturlands sem samþykkt var samhljóða af sveitarfélögunum á Vesturlandi árið 2017 voru tvær framkvæmdir settar í forgang á Snæfellsnesi.
 - **Fróðárheiði**
 - Framkvæmdir höfðu staðið yfir í langan tíma og þeim var loks lokið að mestu leiti í fyrra.
 - **Skógarströnd**
 - Fjölgun ferðafólks á síðasta áratug jókst mjög umferð um Skógarströnd
 - Lögð áhersla á að fá fjárveitingar strax til framkvæmda á Skógarstrandavegi.
 - Því miður er **aðeins búið að leggja bundið slitlag á tæpa 3 km á undanförunum fjórum árum, en 5 km verður bætt við á þessu ári.**



Forsendur og markmið samgönguáætlunar

- Uppbygging grunnnetsins, viðhald þess og rekstur er forgangsatriði við ráðstöfun fjármuna á samgönguáætlun.
- Markmið samgönguáætlunar að allar helstu stofnleiðir og tenging þeirra við þéttbýli með fleiri en 100 íbúa verði með bundnu slitlagi og viðunandi burðarþoli.
- **Forgangsverkefni Snæfellinga snýr aðallega að uppbyggingu og endurbótum á vegi 54 og eru því í samræmi við forsendur og markmið samgönguáætlunar við ráðstöfun fjármuna.**




Snæfellsnesvegur nr. 54




Vegabætur stofnvega á Snæfellsnesi á næstu árum

- **Nauðsyn er á endurbótum á Þjóðvegi 54/Snæfellsnesvegi**
 - Vegurinn er illa farinn alla leið frá Borgarnesi og að Fróðárheiði, sig og frostsKemmdir, vegkantar víða brotnir.
 - Á kafla vestan þéttbýlis Grundarfjarðar eru vegkantar einnig lélegir og þarfnast styrkingar.
 - Frá Vegamótum að Fróðárheiði er vegurinn of mjór.
 - Laga þarf vegtenginguna við Fróðárheiði að norðanverðu.
 - Umferð hefur aukist -> fjölgun ferðamanna og þungaflutningar
- Einnig er þörf á endurbótum á **Þjóðvegi 58**, Stykkishólmsvegi, sem **þarfnast endurbóta að ferjuhöfn**, ásamt gerð **hringtorgs** inn í Stykkishólm í samræmi við umferðaröryggisáætlun Stykkishólmsbæjar
- Uppbygging/lagfæring **Útnesvegur nr. 574** milli Hellissands og Ólafsvíkur
- Uppbygging stígakerfis um Snæfellsnes, fyrir gangandi og hjólandi, í samræmi við svæðisskipulag Snæfellsness

Snæfellsvegur við Borg á Mýrum vegnr. 54-02




	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
ADU	1.033	1.048	1.122	1.172	1.253	1.195	1.244	1.229	1.167	1.098	1.129	1.178	1.293	1.517	1.697	1.782
SDU	1.535	1.512	1.607	1.684	1.799	1.717	1.855	1.805	1.752	1.648	1.654	1.737	1.984	2.315	2.515	2.566
VDU	668	678	775	789	833	825	800	815	737	688	776	751	758	910	1.017	1.166



Vegabætur stofnvega á Snæfellsnesi á næstu árum

- Uppbygging Snæfellsnesvegjar 54 um Skógarströnd
(Skógarstrandarvegur)
 - Skógarstrandarvegur er hluti grunnnetsins og ætti að vera í forgangi við ráðstöfun fjármuna skv. samgönguáætlun
 - Markmið samgönguáætlunar er að **auka búsetugæði með því að bæta samgöngur innan og milli skilgreindra vinnusóknarsvæða og stækka þau þar sem hægt er.**
- Samfélagslega mikilvægur vegur (samfélagsleg áhrif)
 - Tenging milli byggða
 - Búseta
 - Atvinnulíf
 - Vinnu- og skólasókn
- **Bættar samgöngur munu blása nýju lífi í þau tengsl Dalamanna og Snæfellinga og koma á þeim samgangi og samvinnu sem einkenndu svæðið svo lengi.**



Ferðapjónustan á Snæfellsnesi og Áfangastaðaáætlun Vesturlands

- Vegkerfið og umferðaöryggi skiptir bæði ferðapjónustuna og hinn almenna íbúa afar miklu máli.
- Aðgengi að náttúruperlum á Snæfellsnesi þarf að vera aðgengilegt og áhersla þarf að vera á gerð útskota á útsýnisstöðum til að sporna gegn þeirri þróun að bílar séu stöðvaðir hvar og hvenær sem er á vegunum.
- Áherslumál hvað varðar viðkomustaði ferðamanna
 - **Djúpalónssandur** (breikka veg)
 - **Öndverðarnes** (bundið slitlag)
 - **Svöðufoss** (bundið slitlag)
 - **Kerlingarskarð** (nýtt bundið slitlag - Neðri-sneið)
 - **Sauraskógur** (bundið slitlag)
- **Skógarstrandarvegur** skilgreindur sem mjög mikilvægur vegur með tilliti til uppbyggingar ferðapjónustu og framþróun ferðamála á Vesturlandi.
- **Heydalsvegur (vegur 55)**
- Breiðafjarðarferjan Baldur



Breiðafjarðarferjan Baldur

- Breiðafjarðarferjan Baldur siglir milli Stykkishólms og Brjánslækjar með viðkomu í Flatey
- Baldur er í lykilhlutverki til þess að tengja byggðirnar við Breiðafjörð
 - Mikilvægur samgöngumáti sem tengir saman þessa landshluta
 - Aukin tækifæri til vörupróunar og samstarfs í ferðaþjónustu og á fleiri sviðum
- Eykur einnig öryggi og lífsgæði íbúa beggja vegna Breiðafjarðar og í Flatey og skapar tækifæri fyrir ferðafólk að auðga upplifun sína á leið um landið.



Breiðafjarðarferjan Baldur

- Styrkja þarf ferjusiglingar um Breiðafjörð með stærri og nýrri ferju til að anna aukinni þörf samfélagsins
 - Ferjan annar ekki núverandi þörf atvinnulífsins
- Tryggja þurfi ferju með varavél
- Samningur við Vegagerðina þarf að vera til lengri tíma en núverandi samningar gera ráð fyrir.



Hafnir á Snæfellsnesi

- Hafnirnar á Snæfellsnesi lífæð samfélagsins.
- Fiskveiðar og fiskvinnsla hafa verið helsta atvinnugreinin
- Hafa hafnirnar fengið nýtt hlutverk við móttöku skemmtiferðaskipa, auk þess sem höfnin í Stykkishólmi er miðstöð ferjusiglinga yfir Breiðafjörð.
- Á undanförnum árum hefur verið töluverð uppbygging á hafnarmannvirkjum.
 - Snæfellsbær
 - Grundarfjörður
 - Stykkishólmur



Áframhaldandi uppbygging hafna á Snæfellsnesi - Snæfellsbær

- **Hafnir Snæfellsbæjar**

- Ný stálþil
 - Rif (560 m.)
 - Ólafsvík (250 m.)
- Endurbygging á vegvörnum
 - Sitt hvorum megin við Ytra klif
 - Frá Ytra Klifi að N-1 (400 m.)
 - Endurbygging milli innra og Ytra Klifs (400 m.)
 - Frá Bug að Fróðárheiði (1500 m.)
 - Vegvörn að Enni (50 m.)
- Ný vegvörn
 - Nýr garður við Enni (300m.)
- Nýjar sjóvarnir
 - Ennisbakkar (450 m.)
 - Barðastaðir (400 m.)
 - Hellissandur (120 m.)



Áframhaldandi uppbygging hafna á Snæfellsnesi - Snæfellsbær

- **Hafnir Snæfellsbæjar**

- Dýpkanir í öllum höfnum
 - Bæði viðhalds- og stofndýpkanir
- Grjótgarðar
 - Nýir garðar
 - Rif (50 m.)
 - Ólafsvík (150 m)
 - Arnarstapi (70 m.)
 - Endurbygging eldri garða
 - Rif (200 m.)
 - Ólafsvík (150 m.)
- Endurbygging steyptra viðlegukanta
 - Ólafsvík (90 m.)
 - Arnarstapa (75 m.)
- Ný trébryggja á Arnarstapa (50 m.)



Áframhaldandi uppbygging hafna á Snæfellsnesi - Grundarfjarðarbær

- **Grundarfjarðarhöfn**

- **Ný aðkoma inn á Hafnarsvæðið**

- Breytt lega þjóðvegur 54 um Grundargötu inn á Hafnarsvæðið
 - Hefur verið í aðalskipulag frá 1969

- **Lenging Miðgarðs um 30 metra**

- **Sjóvarnir**

- Framnes og Torfabót (200-400 m.)
 - Vesturbakkar/Nýjabúð (300 m.)
 - Kirkjufell (300 m.)



Áframhaldandi uppbygging hafna á Snæfellsnesi - Stykkishólmur

- **Stykkishólmshöfn**

- Ferjubryggja
 - **Stækkun ferjubryggju** (lengja)
- Hafskipsbryggja
 - Stækkun Hafskipsbryggju (á áætlun)
 - Endurbætur á stólpum undir Hafskipsbryggju
- Skipavík
 - Nýtt **stálþil í Skipavík** (100 m.)
- Stækkun á smábátaaðstöðu
- Sjóvarnir
- Viðhaldsdýpkun
- Endurbætur á grjóttgarði (vegvarnir)



Almenningssamgöngur

- Frá árinu 2012 hefur „landsbyggðarstrætóinn“ ekið um Snæfellsnes og fyrstu þrjú árin eftir að hann hóf akstur fjölgaði farþegum hratt.
- Mikilvægt er að fjölga ferðum landsbyggðarstrætós.
 - Leið 58 þarf að aka daglega allt árið
 - Fjölga ferðum leiðar 82 á milli bæja á Snæfellsnesi.
 - Verið er að skoða samþættingu skólaaksturs og strætós.



Flugvellir á Snæfellsnesi

- Rif
 - Hefur þýðingu sem neyðarbraut í almannavarnatilfellum, sem landingastaður fyrir þýrlur svo og fyrir ferjuflug yfir hafið.
 - Þá er líklegt að notkun vallarins muni aukast með fjölgun ferðamanna.
- Stykkishólmsflugvöllur
 - Völlurinn þar hefur líka tækifæri í tengslum við ferðaþjónustu.
 - Horft hefur verið til bættrar aðstöðu fyrir þýrlur.
- Mikilvægt er að þessir vellir fái gott viðhald þannig að þeir geti sinnt hlutverki sínu.

